

9. janúar 2026

Greinargerð um skilgreiningar á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 36/2011¹ um stjórn vatnamála ber Umhverfis- og orkustofnun að meta hvort vatnshlot teljist manngert eða mikið breytt. Öll vatnshlot á Íslandi flokkast í dag sem náttúruleg vatnshlot, en sum vatnshlot hafa tekið það miklum breytingum af mannavöldum að hægt væri að skilgreina þau sem manngerð eða mikið breytt vatnshlot. Þær breytingar urðu áður en lög um stjórn vatnamála voru staðfest árið 2011. Mikilvægt er að vatnshlotin fái rétta skilgreiningu til að umhverfismarkmið þeirra séu rétt og hægt sé að setja kröfur um viðeigandi mótvægisaðgerðir fyrir þau.

Í 13. gr. laga um stjórn vatnamála segir:

Umhverfis- og orkustofnun metur hvort vatnshlot telst manngert eða mikið breytt.

Ástand manngerðs eða mikið breytts yfirborðsvatnshlots skal verndað þannig að það versni ekki og skal styrkja ástand þess með það að markmiði að vistmegin þess og efnafræðilegt ástand sé gott. Leitast skal við að ná sem bestu vistmegni í slíku vatnshloti.

Skilgreina má yfirborðsvatnshlot sem manngert eða mikið breytt ef nauðsynlegar breytingar á eðlisefnafræðilegum, vistfræðilegum og vatnsformfræðilegum eiginleikum vatns til þess að ná vatnshlotinu í gott vistfræðilegt ástand hafa umtalsverð skaðleg áhrif á umhverfið eða á eftirfarandi umsvif:

- a. siglingar, hafnir eða afþreyingaraðstöðu,
- b. starfsemi sem hefur í för með sér geymslu, flutning og hjáveitu vatns, t.d. neysluvatnsmiðlun, orkuvinnslu eða áveitu,
- c. flóðavarnir, framræslu, eða
- d. önnur sjálfbær umsvif jafnmikilvæg og hin framangreindu.

Ákvæði 3. mgr. á við þegar ekki verður bætt úr þeim áhrifum sem þar eru talin upp vegna þess að það er ekki tæknilega framkvæmanlegt eða vegna þess að kostnaður við að gera það með öðrum og umhverfisvænni aðferðum er talinn úr hófi fram. Taka skal fram í vatnaáætlun ef álitid er að skilyrði 3. mgr. séu fyrir hendi og færa fram röksemdir fyrir því.

¹ [Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála](#)

Við skilgreiningu á mikið breyttum og manngerðum vatnshlotum er unnið eftir leiðbeiningum Evrópusambandsins^{2,3,4}. Með því að skilgreina vatnshlot sem manngert eða mikið breytt er búið að taka það út úr hinum almenna flokki náttúrulegra vatnshlota og því eru umhverfismarkmið önnur en fyrir náttúrulega vatnshlotið sem upphaflega var til staðar. Í þeim tilvikum er ekki er miðað við vistfræðilegt ástand (e. ecological status) heldur svokallað vistmegin (e. ecological potential).

Skilgreiningar

Mikið breytt vatnshlot: Yfirborðsvatnshlot sem hefur tekið verulegum breytingum af mannavöldum og uppfyllir ekki viðmið um gott vistfræðilegt ástand.

Manngert vatnshlot: Vatnshlot sem hefur orðið til vegna athafna manna.

Vistmegin: Ástand lífríkis í manngerðu eða mikið breyttu vatnshloti samkvæmt gæðaflokkun í besta vistmegin, gott vistmegin og ekki viðunandi vistmegin.

Fyrstu skref við tilnefningu manngerðra og mikið breyttra vatnshlota


Árið 2020 kom út skýrslan „Fyrstu skref við mat á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum“⁵ þar sem áhersla var lögð á að meta vatnsformfræðilegar breytingar í straum- og stöðuvötnum vegna áhrifa af vatnsaflsvirkjunum. Skýrslan var unnin af vinnuhóp sem skipað var fulltrúum frá Veðurstofu Íslands, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun undir verkstjórn Umhverfisstofnunar (nú Umhverfis- og orkustofnun). Skýrslan byggir á leiðbeiningum vatnatilskipunar Evrópusambandsins og reynslu nágrannaríkja, einkum Noregs og Svíþjóðar. Vinnan var á þessu stigi afmörkuð við áhrif af stórum vatnsaflsvirkjunum, sem er helsti álagspátturinn sem hefur áhrif á vatnsformfræði straum- og stöðuvatna hér á landi. Í skýrslunni eru kynntar aðferðir til að meta vatnsformfræðilegar breytingar á vatnshlotum á virkjanasvæðum og settur var fram listi yfir vatnshlot sem orðið hafa fyrir slíkum breytingum. Skilgreining á mikið breyttum vatnshlotum fer fram í átta skrefum (sjá mynd 1).

² WFD CIS. (2003). [Guidance document no. 4. Identification and designation of heavily modified and artificial water bodies](#). Office for official publications of the European Communities, Luxembourg. 118 bls.

³ WFD CIS WG 2.2. 2003. Toolbox on identification and designation of artificial and heavily modified water bodies. CIS Working Group 2.2 on Heavily Modified Water Bodies. 163 bls. https://www.oieau.fr/eaudoc/system/files/wg_2.2-hmwb_toolbox_final_200103.pdf

⁴ WFD CIS. (2019). [Guidance Document No. 37. Steps for defining and assessing ecological potential for improving comparability of Heavily Modified Water Bodies](#). Office for official publications of the European Communities, Luxembourg. 134 bls.

⁵ Umhverfisstofnun 2020. [Fyrstu skref við mat á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum](#). 49. bls.



Skref 1–5: Almenn greining á vatnshlotum, einkennum þeirra, vatnsformfræðilegum breytingum og hvort líklegt sé að þau nái umhverfismarkmiðum þrátt fyrir breytingar sem orðið hafa.

Skref 6: Mat á því hvort eiginleikar vatnshlotsins hafi breyst umtalsvert af mannavöldum.

Skref 7-8: Tilnefningarpróf sem endanlega staðfestir hvort vatnshlot teljist manngert eða mikið breytt.

Mynd 1. Aðferð við tilnefningu á mikið breyttum og manngerðum vatnshlotum byggð á leiðbeiningarskjölum Evrópusambandsins (WFD CIS 2019).

Áframhald vinnu við skilgreiningu á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum

Fyrsta vatnaáætlun Íslands⁶ var staðfest árið 2022. Í vatnaáætlun var fjallað um mikið breytt og manngerð vatnshlot í kafla 9 og farið yfir þá vinnu sem hafði átt sér stað fyrir opinbera kynningu vatnaáætlunar. Í kafla 11 í vatnaáætlun þar sem fjallað er um áherslur vatnahringsins kemur fram að vinnan við skilgreiningu þeirra vatnshlota sem gætu talist vera mikið breytt eða manngerð væri hafin. Sjónum hafi fyrst og fremst verið beint að álagsþáttum sem hafa hvað mest áhrif á vatnsformfræðilega eiginleika í straum- og stöðuvötnum á Íslandi, þ.e.a.s. vatnsaflsvirkjunum >10 MW. Þá þurfi að fara fram frekari gagnaöflun tengdum þessum vatnshlotum til að geta lokið skilgreiningu þeirra sem mikið breytt eða manngerð.

Á árunum 2021-2024 voru unnar skýrslur á grundvelli verksamninga við fagstofnanir sem Umhverfis- og orkustofnun gerir samninga við, vegna tiltekinna verkefna við framkvæmd laganna skv. reglugerð 935/2011⁷ um stjórn vatnamála, þ.e. Hafrannsóknastofnun, Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands (nú Náttúrufræðistofnun) (sjá töflu 1). Tilgangur þeirra verkefna var að afla gagna og þróa kerfi sem nýtast við skilgreiningu á mikið breyttum og manngerðum vatnshlotum og ákvörðun á vistmegni þeirra. Jafnframt vann

⁶ Umhverfisstofnun 2022. [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#). 68. bls.

⁷ [Reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála](#)

Hafrannsóknastofnun skýrslu fyrir Landsvirkjun árið 2023 sem fjallar um aðferðir við gerð tilnefningarprófa sem nauðsynleg eru fyrir skilgreiningu á mikið breyttum vatnshlotum.

Tafla 1: Skýrslur sem tengjast vinnu vegna manngerðra og mikið breyttra vatnshlota frá árunum 2021-2024.

Ár	Skýrsla
2021	Yfirlit yfir uppruna- og viðmiðunargerðir mikið breyttra og manngerðra vatnshlota á virkjanasvæðum
2022	Vatnshlot á virkjanasvæðum - viðbót við skýrslu Umhverfisstofnunar
	Vatnshlot á virkjanasvæðum. Framhald vinnu við tilnefningu á mikið breyttum vatnshlotum og yfirlit yfir aðgengileg gögn um gæðapætti
2023	Vatnshlot á virkjanasvæðum. Bráðabirgðatilnefning á mikið breyttum vatnshlotum
	Tilnefningarpróf fyrir mikið breytt og manngerð vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Evrópusambandsins*
2024	Aðferðir við ákvörðun á vistmegni mikið breyttra vatnshlota

* Skýrsla unnin af Hafrannsóknastofnun fyrir Landsvirkjun

Árið 2021 var gefin út skýrslan „Yfirlit yfir uppruna- og viðmiðunargerðir mikið breyttra og manngerðra vatnshlota á virkjanasvæðum”⁸, þar sem upprunalegar vatnagerðir vatnshlota sem orðið höfðu fyrir umtalsverðum vatnsformfræðilegum breytingum voru metnar. Þar voru einnig lagðar til viðmiðunarvatnagerðir fyrir þau vatnshlot sem kynnt voru í 2020 skýrslunni, en þær eru grunnur að mati á vistmegni mikið breyttra og manngerðra vatnshlota.

Árið 2022 voru gefnar út tvær skýrslur. Í fyrri skýrslunni „Vatnshlot á virkjanasvæðum - viðbót við skýrslu Umhverfisstofnunar”⁹, er gerð grein fyrir vatnshlotum á virkjanasvæðum (> 10 MW) sem ekki var fjallað um í 2020 skýrslunni og tekin var afstaða til þess hvort þau hafa orðið fyrir umtalsverðum vatnsformfræðilegum breytingum. Í seinni skýrslunni „Vatnshlot á virkjanasvæðum. Framhald vinnu við tilnefningu á mikið breyttum vatnshlotum og yfirlit yfir aðgengileg gögn um gæðapætti”¹⁰ er birtur listi yfir vatnshlot á virkjanasvæðum (> 10 MW) sem ekki eru líkleg til að ná a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi vegna vatnsformfræðilegra breytinga. Að auki var birt yfirlit yfir tiltæk gögn um lífríki, eðlisefnafræði og vatnsformfræði vatnshlotanna.

⁸ Veðurstofa Íslands 2021. [Yfirlit yfir uppruna- og viðmiðunargerðir mikið breyttra og manngerðra vatnshlota á virkjanasvæðum](#). 9. bls.

⁹ Hafrannsóknastofnun 2022. [Vatnshlot á virkjanasvæðum - viðbót við skýrslu Umhverfisstofnunar](#). 27. bls.

¹⁰ Hafrannsóknastofnun 2022. [Vatnshlot á virkjanasvæðum. Framhald vinnu við tilnefningu á mikið breyttum vatnshlotum og yfirlit yfir aðgengileg gögn um gæðapætti](#). 30. bls.

Árið 2023 voru einnig gefnar út tvær skýrslur. Í fyrri skýrslunni „*Vatnshlot á virkjanasvæðum. Bráðabirgðatilnefning á mikið breyttum vatnshlotum*”¹¹ eru metin áhrif vatnsformfræðilegra breytinga á lífríki og lagt mat á hvort vatnshlot nái góðu vistfræðilegu ástandi samkvæmt lögum um stjórn vatnamála, þrátt fyrir þær breytingar sem orðið hafa. Einnig er fjallað um bráðabirgðatilnefningu mikið breyttra vatnshlota á virkjanasvæðum, sem á við þegar slíkar breytingar valda því að ólíklegt sé að þau nái a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi. Í seinni skýrslunni „*Tilnefningarpróf fyrir mikið breytt og manngerð vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Evrópusambandsins*”¹² er fjallað um aðferðir við gerð tilnefningarprófa sem nauðsynleg eru fyrir skilgreiningu á mikið breyttum vatnshlotum samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun (nr. 535/2011). Hafrannsóknastofnun vann skýrsluna fyrir Landsvirkjun. Það var mat Umhverfis- og orkustofnunar að það tilnefningarpróf sem sett var fram í skýrslunni standist kröfur laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en prófið byggir á CIS leiðbeiningarskjali Evrópusambandsins nr. 4 sem stofnunin fer eftir.

Árið 2024 var gefin út skýrslan „*Aðferðir við ákvörðun á vistmegni mikið breyttra vatnshlota*”¹³ þar sem fjallað er um aðferðir við ákvörðun vistmegins í mikið breyttum vatnshlotum í samræmi við leiðbeiningar Evrópusambandsins.

Lagfæringar og afmörkun vatnshlota vegna skilgreiningar á mikið breyttum og manngerðum vatnshlotum

Mikilvægt er að vatnshlot sem skilgreind eru sem mikið breytt eða manngerð séu rétt afmörkuð í landfræðilegu upplýsingakerfi og því hefur þurft að lagfæra afmörkun nokkurra straumvatnshlota sem eru á bráðabirgðalistanum áður en hægt er að klára skilgreiningu þeirra sem mikið breytt vatnshlot. Það er gert í þeim tilgangi að skilgreiningin á mikið breyttum vatnshlotum nái aðeins yfir þann hluta farvegar sem sannarlega hefur orðið fyrir breytingum. Að auki er gert grein fyrir öðrum breytingum á nöfnum og/eða númerum vatnshlota og ástæður þeirra. Í töflu 2 er gerð grein fyrir þeim breytingum sem hafa orðið á nokkrum vatnshlotum síðan þau voru upprunalega sett á tilnefningarlistann.

¹¹ Hafrannsóknastofnun 2023. [Vatnshlot á virkjanasvæðum. Bráðabirgðatilnefning á mikið breyttum vatnshlotum](#). 29. bls.

¹² Hafrannsóknastofnun 2023. [Tilnefningarpróf fyrir mikið breytt og manngerð vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar Evrópusambandsins](#). 29. bls.

¹³ Hafrannsóknastofnun 2024. [Aðferðir við ákvörðun á vistmegni mikið breyttra vatnshlota](#). 55. bls.

Tafla 2. Vatnshlot sem eru tilnefnd til bráðabirgða sem mikið breytt eða manngerð vatnshlot og hafa verið lagfærð í landupplýsingakerfi stjórnað vatnamála, ástæður lagfæringar og nafn/númer þess vatnshlots sem fer í frekari úrvinnslu

Ástæða lagfæringar	Vatnshlot fyrir lagfæringu/ uppskiptingu	Vatnshlot eftir lagfæringu/ uppskiptingu
Samkvæmt verklagsreglu nr. 3.4.1 í skýrslu Veðurstofu Íslands og Orkustofnunar ¹⁴ um verklagsreglur við skilgreiningu yfirborðs- og grunnvatnshlota er miðað við að minni lækir og þverár, sem ekki ná lágmarksstærð sem sérstakt vatnshlot, eru skilgreind með og sem hluti af aðalstraumvatnshloti þ.e.a.s. mynda eina samfellda heild. Nokkur vatnshlot sem voru tilnefnd til bráðabirgða sem mikið breytt eða manngerð skv. skýrslu fagstofnanna frá árinu 2020 höfðu slíka minni lækir og þverár hangandi á meginvatnshlotinu, en þessi vatnshlot eru ekki endilega í sömu vatnagerð. Dæmi: Meginfarvegur vatnshlots er jökulá en minni þverár og -læknir eru bergvatnsár. Meginfarvegurinn hefur orðið fyrir miklum vatnsformfræðilegum breytingum en ekki þverárna. Í þeim tilvikum voru þverár og -lækir fjarlægðir frá meginvatnshlotinu sem skilgreina á sem mikið breytt eða manngert vatnshlot.	Blanda 2 (101-1861-R)	Blanda 2 (101-1928-R)
	Jökulsá á Dal/Brú 2 (102-1140-R)	Jökulsá á Dal/Brú 2 (102-1920-R)
	Jökulsá í Fljótsdal 3 (102-1871-R)	Jökulsá í Fljótsdal 3 (102-1928-R)
	Kaldakvísl 3 (103-1283-R)	Kaldakvísl 3 (103-1641-R)
Sporðöldulón var afmarkað árið 2021 sem stöðuvatnshlot. Þá breyttist Flutningskvísl í tvö vatnshlot.	Flutningskvísl (103-814-R)	Flutningskvísl 1 (103-1292-R) Flutningskvísl 2 (103-1293-R)
Kelduárlón er afmarkað árið 2021. Við það breyttist vatnshlotanúmer Kelduár 2.*	Kelduá 2 (102-1254-R)	Kelduá 2 (102-1868-R)
Uppskipting og vatnshlotanúmer Köldukvíslar breyttust þegar Sporðöldulón var afmarkað árið 2021. Kaldakvísl 1 breytti um vatnshlotanúmer og nafnabreyting varð þegar Kaldakvísl 3 breyttist í Kaldakvísl 2.*	Kaldakvísl 1 (103-894-R)	Kaldakvísl 1 (103-1300-R)
	Kaldakvísl 3 (103-614-R)	Kaldakvísl 2 (103-614-R)


*Gert er grein fyrir þessum breytingum í skýrslu Hafrannsóknastofnunar: *Hafrannsóknastofnun 2022. Vatnshlot á virkjanasvæðum - viðbót við skýrslu Umhverfisstofnunar. 27. bls.*

Lokaskref við skilgreiningu á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum

Til að fá endanlega staðfestingu á því hvort vatnshlot uppfylli skilyrði þess að vera skilgreind sem manngert eða mikið breytt þarf að ljúka skrefum 7–8 í tilnefningarprófinu (sjá mynd 2). Af þeim sökum óskaði Umhverfis- og orkustofnun eftir gögnum frá Landsvirkjun, dags. 7. maí 2024 og Orkubúi Vestfjarða, dags. 5. desember 2024.

Svar Landsvirkjunar barst dags. 20. maí 2025. Þar var framkvæmt tilnefningapróf á 60 vatnshlotum af Hafrannsóknastofnun (sjá fylgiskjal 1). Svar Orkubús Vestfjarða barst 16.10.2025. Þar var framkvæmt tilnefningapróf á vatnshlotunum Mjólká og Langavatn/Hólmavatn af Verkís hf. (sjá fylgiskjal 2a og 2b).

¹⁴ Bogi B. Björnsson ofl. 2013. [Yfirborðs- og grunnvatnshlot Verklagsreglur fyrir skilgreiningu vatnshlota](#). Veðurstofa Íslands, BBB/KE/LG/2013-01. 23 bls.



Mynd 2. Skref 7 og 8 í tilnefningaprófi fyrir mikið breytt og manngerð vatnshlot.

Umhverfis- og orkustofnun hefur rýnt gögnin frá Landsvirkjunar og Orkubúi Vestfjarða og metur að vatnshlotin sem tilgreind eru í töflu 3 uppfylli skilyrði þess að vera skilgreind sem manngerð eða mikið breytt vatnshlot. Í þessari greinargerð er einungis fjallað um 51 vatnshlot sem gerð var grein fyrir í skýrslu fagstofnanna frá 2020 og í 9. kafla vatnaáætlunar, en ekki önnur vatnshlot sem bæst hafa við á síðari stigum vinnunnar.

Samkvæmt 13 gr. laga um stjórn vatnamála staðfestir Umhverfis- og orkustofnun að 16 vatnshlot eru skilgreind sem manngerð og 35 vatnshlot eru skilgreind sem mikið breytt í samræmi við það sem fram kemur í töflu 3.

Í ljósi þeirra nýju upplýsinga, greininga og prófana sem að framan greinir hefur 9. kafli vatnaáætlunar 2022-2027 verið leiðréttur og uppfærður sbr. 5. mgr. 19. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Verður kaflinn ásamt greinargerð þessari birtur almenningi á vefsíðu stofnunarinnar og almenningi gefinn kostur á að koma með athugasemdir inn 6 vikna frá birtingunni.

Tafla 3. Yfirlit yfir vatnshlot sem uppfylla skilyrði þess að vera skilgreind sem manngerð eða mikið breytt samkvæmt skrefum 1-8 í leiðbeiningum Evrópusambandsins (WFD CIS 2003) (Mynd1).

	Nafn vatnshlots	Númer vatnshlots	Uppfyllir vatnshlotið forsendur um skilgreiningu sem mikið breytt eða manngert vatnshlot	Virkjun
1	Austara-Friðmundarvatn*	101-1213-L	Já – mikið breytt	Blanda
2	Blanda 2	101-1928-R	Já – mikið breytt	Blanda
3	Blöndulón	101-1220-L	Já – mikið breytt	Blanda
4	Gilsárlón	101-1221-L	Já – mikið breytt	Blanda
5	Gilsvatn	101-1210-L	Já – mikið breytt	Blanda
6	Smalatjörn	101-1215-L	Já – mikið breytt	Blanda
7	Þristikla	101-1216-L	Já – mikið breytt	Blanda
8	Stuttilækur	101-1653-R	Já – manngert	Blanda
9	Veituskurður úr Blöndulóni	101-1864-R	Já – manngert	Blanda
10	Veituskurður úr Þristiklu	101-1862-R	Já – manngert	Blanda
11	Jökulsá á Dal/Brú 1	102-1088-R	Já – mikið breytt	Kárahnjúkar
12	Jökulsá á Dal/Brú 2	102-1920-R	Já – mikið breytt	Kárahnjúkar
13	Háslón	102-2448-L	Já – mikið breytt	Kárahnjúkar
14	Jökulsá í Fljótsdal 3	102-1928-R	Já – mikið breytt	Kárahnjúkar
15	Grjóta 1	102-1073-R	Já – mikið breytt	Kárahnjúkar
16	Kelduá 2	102-1868-R	Já – mikið breytt	Kárahnjúkar
17	Frárennsliskurður Fljótsdalsvirkjunar	102-1054-R	Já – manngert	Kárahnjúkar
18	Eyvindarlón	103-2427-L	Já – mikið breytt	Þjórsá -Tungnaá
19	Flutningskvísl 1	103-1292-R	Já – manngert	Þjórsár-Tungnaársv.
20	Flutningskvísl 2	103-1293-R	Já – manngert	Þjórsár-Tungnaársv.
21	Fossá 1	103-842-R	Já – mikið breytt	Þjórsár-Tungnaársv.
22	Þjórsá 2	103-777-R	Já – mikið breytt	Þjórsár-Tungnaársv.
23	Frárennsliskurður Sultartanga	103-673-R	Já – manngert	Þjórsár-Tungnaársv.
24	Hágöngulón	103-2446-L	Já – mikið breytt	Þjórsár-Tungnaársv.
25	Hrauneyjalón	103-2135-L	Já – mikið breytt	Þjórsár-Tungnaársv.
26	Hreysilón og veituskurðir	103-964-R	Já – manngert	Þjórsár-Tungnaársv.
27	Kaldakvísl 1	103-1300-R	Já – mikið breytt	Þjórsár-Tungnaársv.
28	Kaldakvísl 2	103-614-R	Já – mikið breytt	Þjórsár-Tungnaársv.
29	Kaldakvísl 3	103-1641-R	Já – mikið breytt	Þjórsár-Tungnaársv.
30	Krókslón	103-2447-L	Já – mikið breytt	Þjórsár-Tungnaársv.

	Nafn vatnshlots	Númer vatnshlots	Uppfyllir vatnshlotið forsendur um skilgreiningu sem mikið breytt eða manngert vatnshlot	Virkjun
31	Kvíslavatn	103-2092-L	Já – mikið breytt	Þjósár-Tungnaársv.
32	Sauðafellslón	103-2167-L	Já – mikið breytt	Þjósár-Tungnaársv.
33	Sporðöldulón	103-2450-L	Já – mikið breytt	Þjósár-Tungnaársv.
34	Stóraverslón (Dratthalavatn)	103-2093-L	Já – mikið breytt	Þjósár-Tungnaársv.
35	Sultartangelón	103-2077-L	Já – mikið breytt	Þjósár-Tungnaársv.
36	Trjáviðarlækur	103-906-R	Já – manngert	Þjósár-Tungnaársv.
37	Tungnaá 2	103-812-R	Já – mikið breytt	Þjósár-Tungnaársv.
38	Tungnaá 3	103-973-R	Já – mikið breytt	Þjósár-Tungnaársv.
39	Vatnsfellslón	103-2449-L	Já – mikið breytt	Þjósár-Tungnaársv.
40	Veituleið Sigölduvirkjunar	103-970-R	Já – manngert	Þjósár-Tungnaársv.
41	Veituskurður úr Eyvindarlóni	103-1285-R	Já – manngert	Þjósár-Tungnaársv.
42	Veituskurður úr Kvíslavatni	103-596-R	Já – manngert	Þjósár-Tungnaársv.
43	Veituskurður úr Sauðafellslóni	103-699-R	Já – manngert	Þjósár-Tungnaársv.
44	Veituskurður úr Stóraverslóni	103-710-R	Já – manngert	Þjósár-Tungnaársv.
45	Veituskurður úr Vatnsfellslóni	103-828-R	Já – manngert	Þjósár-Tungnaársv.
46	Veituskurður úr Þórisvatni	103-979-R	Já – manngert	Þjósár-Tungnaársv.
47	Þjósárlón	103-2445-L	Já – mikið breytt	Þjósár-Tungnaársv.
48	Þórisvatn	103-2162-L	Já – mikið breytt	Þjósár-Tungnaársv.
49	Sog 4	104-974-R	Já – mikið breytt	Sog
50	Mjólká	101-426-R	Já – mikið breytt	Mjólkárviðvirkjun
51	Langavatn/Hólmavatn	101-754-L	Já – mikið breytt	Mjólkárviðvirkjun

* Vatnshlotið (Vestar-Friðmundarvatn) var listað í skýrslunni: *Umhverfisstofnun 2020. Fyrstu skref við mat á manngerðum og mikið breyttum vatnshlotum*. 49. bls. sem var villa. Leiðréttingin kemur fram í skýrslunni: *Hafrannsóknastofnun 2022. Vatnshlot á virkjanasvæðum. Framhald vinnu við tilnefningu á mikið breyttum vatnshlotum og yfirlit yfir aðgengileg gögn um gæðabætti*. 30. bls.